

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hraðfrystihúsið Gunnvör Álftafirði og Seyðisfirði við Ísafjarðardjúp.



Dags eftirlits	8.10.2012	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Hraðfrystihúsið Gunnvör	Fulltrúi UST	
Heimili	Hnífsdalsbryggju	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630169-2249	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Jóakimsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	319330,844 620949,203

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit. Þrjár athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu, ein hvað varðar viðbragðsáætlun og hinar vegar skráningar hættulegra efna og rangrar fyrirtækjaflokkunar í grænu bókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Litið var yfir kvísvæðið frá landi með t.t. staðsetningar og umfangi eldisins. Ekki var farið út að kvíum að þessu sinni.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir niðurstöður vöktunarmælinga og skil á vöktunaráætlun.

Rætt var um niðurstöður úr síðasta eftirliti.

Farið var yfir skráningu í grænu bókhaldi.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð hvað varðar viðbragðsáætlanir skv. gr. 4.3. í starfsleyfi. viðbragðsáætlun skal vera aðgengileg eftirlitsaðila en engin slík áætlun var til staðar.

Athugasemd var gerð hvað varðar skráningu Formalíns í grænt bókhald. Skrá skal skrá magn þess í reit 6.6, sundurliðun á notkun hættulegra efna.

Athugasemd var gerð um skráningu fyrirtækjaflokks í grænu bókhaldi. Skrá skal fyrirtækið í flokk 6.10. í lið 1.8 í grænu bókhaldi.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur sótt um stækkun leyfis og er það í umsóknarferli.

Tvö frávik komu fram við síðasta eftirlit. Annars vegar hvað varðar notkun á kopar til varnar gróðurmyndun á nótum eldiskvía. Kom fram í eftirlitinu að ekki hefur verið notaður kopar til að lita kvíar á árinu en verður sótt um leyfi til þess í nýju starfsleyfi. Ekki verður litað með kopar þar til nýtt leyfi tekur gildi. Rætt var um áhrif koparlitunar og hvort samræmis gæti í notkun botnmálingar á skipum og notkun samskonar málingar við nótalíun. Lögð voru fram gögn úr umsókn um nýtt starfsleyfi.

Hins vegar kom fram frávik í síðasta eftirliti hvað varðar efnamælingar í sjó sbr. gr. 3.3. í starfsleyfi. Mælingar voru gerðar í apríl 2012 og niðurstöðum skilað í eftirlitinu. Einnig höfðu gögn verið send til stofnunarinnar og bréf þess efnis að úrbótum sé lokið var sent rekstraraðila 25. september 2012.

Vöktunaráætlun var skilað í eftirlitinu ásamt samningi við Náttúrustofu Vestfjarða sem kemur til með að sjá um sýnatökur og vöktun á svæðinu.

Minnt var á gr. 4.2 í starfsleyfi um að rekstraraðili skuli á fjögurra ára fresti boða til samráðsfundar. Stefnt er að fundi í tengslum við næsta eftirlit.

Athugasemd var gerð í síðasta eftirliti um skráningu fyrirtækjaflokks í grænu bókhaldi, farið var yfir skráningu í grænt bókhald.

Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Hlynur Reynisson, kom með í eftirlitið.

Reykjavík, 21.11.2012

G. Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.